

**Ed.**

### **3. Frumvarp til laga**

**[3. mál]**

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

#### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af goddrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

#### **2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

#### **3. gr.**

Gjöld samkv. lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1962 innheimta þannig:

- a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1961, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1962, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1962, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar. Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

#### **4. gr.**

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1962:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

- a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzini og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið. Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tollaftirlit, frestað til ársloka 1962.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkaflí	9 nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
—	10 nr. 1—7, korn, ómalað.
—	11 nr. 1—12, mjöl og grjón.
—	17 nr. 1—6, sykur.
—	22 nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 nr. 1—9, tóbak.
—	25 nr. 10, salt.
—	27 nr. 1—4, kol.
—	27 nr. 14, steinólía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

5. gr.

Gilda skulu til ársloka 1962 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1962 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Enn fremur er lagt til að haldist heimild sú, er verið hefur, til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum. Ákvæði um þetta efni er nú að finna í lögum nr. 79 1960.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í bráðabirgðaákvæði við lög nr. 10/1960, um söluskatt, skuli gilda til ársloka 1962.